



Félag löggiltra endurskoðenda

Ármúla 6 · P.O. Box 1546 · 121 Reykjavík · Ísland · ☎ 688118 · Fax 688139

Reykjavík, 22. desember 1992.

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

B.t. Rögnu Árnadóttur, nefndarritara.

Málefni: Frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði, 208. mál.
Frumvarp til laga um geymslufé, 209. mál.
Frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningabætti, 210. mál.

Vísað er til bréfa yðar dags. 25. nóvember 1992, þar sem farið er fram á umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreind frumvörp til laga.

Samkvæmt samþykktum félagsins skal stjórn þess vísa til álitsnefndar öllum málum sem henni berast til umsagnar, er varða starfssvið endurskoðenda. Álitsnefnd hefur á fundum sínum fjallað um frumvörpin og sent frá sér umsögn þá, sem fylgir með þessu bréfi. Stjórn félagsins samþykkir umsögnina fyrir sitt leyti.

Virðingarfyllst,
F.h. Rúnars B. Jóhannssonar, form. FLE


Bryndís Helgadóttir

Alþingi

Erindi nr. Þ 116 / 759

komudagur 28 / 12 1992

*Álitsnefnd
Félags löggiltra endurskoðenda.*

Reykjavík, 22. desember 1992.

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda,
Rúnar Bj. Jóhannsson, formaður,
Ármúla 6,
108 Reykjavík.

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði, 208. mál (heildarlög), samanber erindi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 25. nóvember 1992.

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) hefur í samræmi við samþykktir FLE falið Álitsnefnd félagsins að fjalla um ofangreint frumvarp að lögum. Í eftirfarandi umsögn nefndarinnar er aðallega lögð áhersla á að skoða málið með tilliti til endurskoðunar og eftirlits og stöðu og hlutverks löggiltra endurskoðenda.

1. Almenn

Í umsögn Álitsnefndar FLE um frumvörp til laga um verðbréfavíðskipti og um verðbréfasjóði frá 20. október 1992 koma fram ýmis almenn sjónarmið um stöðu og hlutverk löggiltra endurskoðenda. Meðal annars er þar vísað til endurskoðunarstaðals frá IFAC, Alþjóðasambandi endurskoðenda, sem ber heitið: *International Statements on Auditing: The Relationship Between Bank Supervisors and External Auditors*. Þau almennu sjónarmið sem þar koma fram, m.a. um óhæði endurskoðenda og upplýsingamiðlun frá endurskoðendum, eiga eins við að því er ofangreint frumvarp til laga um viðskiptabanka og sparisjóði varðar. Því er hér vísað til umræddrar umsagnar Álitsnefndar frá 20. október 1992.

2. Hugtökin *skoðunarmaður* og *endurskoðandi*

Í 61. gr. frumvarpsins segir m.a. að ársreikningar viðskiptabanka og sparisjóða skuli **endurskoðaðir** af a.m.k. tveimur **skoðunarmönnum** og skuli annar eða einn þeirra vera löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa. Í 63. gr. er m.a. ákveðið að skoðunarmenn skuli endurskoða í samræmi við **góða endurskoðunarvenju**.

Starfsheitið **endurskoðandi** er verndað samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur. Til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi þarf viðkomandi að hafa lokið kandidatsprófi í viðskiptafræðum af endurskoðunarkjörsviði frá Háskóla Íslands, hafa starfað við alhliða endurskoðunarstörf í a.m.k. 3 ár undir stjórn löggilts endurskoðanda og síðan staðist sérstaka prófraun, svonefnd verkleg próf. Af þessari upptalningu hlýtur að mega ráða að miklar kröfur eru gerðar til hæfni og kunnáttu endurskoðanda. Þessar sömu kröfur verða eðli máls samkvæmt ekki gerðar til þeirra, sem ekki hafa hlotið tilskilda menntun eða reynslu. Þar af leiðandi er ekki rökrétt að binda í lög ákvæði, sem gera þá kröfu til skoðunarmanns í banka eða sparisjóði, sem ekki er endurskoðandi, að hann endurskoði ársreikning í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Ljóst er t.d. af ákvæðum 2. ml. 1. mgr. 63. gr. frumvarpsins að sérhver skoðunarmaður, hvort sem um er að ræða löggiltan endurskoðanda eða leikmann, verður með endurskoðun sinni að komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga, sem ársreikningur banka eða sparisjóðs veitir. Þá kröfu er ekki hægt að gera til skoðunarmanns, sem ekki hefur tilskilda menntun og reynslu.

Álitsnefnd FLE leggur því til, að hugtakið skoðunarmaður verði allsstaðar fellt út úr texta frumvarpsins og þess í stað komi starfsheitið endurskoðandi.

Álitsnefnd leggur jafnframt til að 1. mgr. 61. gr. frumvarpsins orðist sem hér segir:

Ársreikningar viðskiptabanka og sparisjóða skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal þó endurskoðaður af ríkisendurskoðanda og löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

3. Hlutverk Bankaeftirlits Seðlabanka Íslands við setningu reglna

Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands er víða í frumvarpi til laga um viðskiptabanka og sparisjóði fengið í hendur vald til að setja reglur. Hér skal ítrekuð sú skoðun Álitsnefndar FLE, sem fram kemur í umsögn nefndarinnar frá 20. október 1992, að vald til að setja reglur á grundvelli laga eigi að vera hjá ráðherra. Bent skal á eftirfarandi ákvæði 3. mgr. 58. gr. frumvarpsins:

"Bankaeftirlitið setur reglur um gerð ársreiknings en í því felst m.a. að kveða á um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringa og mat á einstökum liðum."

Hér er um víðtækt og ítarlegt umboð að ræða, sem Álitsnefndin mælir gegn. Nefndin vill af þessu tilefni benda annars vegar á, að góð reikningsskilavenja er ávallt í þróun hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi. Mjög ítarlega skilgreindar og njörvaðar reglur geta sem hægst tafið nauðsynlega og eðlilega framþróun, bæði almennt og í sérstökum tilvikum. Hins vegar vill nefndin benda á ákvæði laga nr.

95/1991 um breytingu á lögum nr. 51/1968 um bókhald. Samkvæmt þessu lögum var **reikningsskilaráð** sett á stofn. Í þessum lögum segir m.a.:

"Reikningsskilaráð skal stuðla að mótun góðrar reikningsskilavenju með útgáfu og kynningu samræmdra reglna sem farið skal eftir við gerð reikningsskila. Ráðið skal gefa álit á því hvað telst vera góð reikningsskilavenja á hverjum tíma."

Löggjafinn hefur því þegar ákveðið með hvaða hætti skuli staðið að mótun góðrar reikningsskilavenju hér á landi og útgáfu reglna þar að lútandi. Álitsnefnd FLE telur þar af leiðandi ekki rökrétt til að fela bankaeftirlitinu það hlutverk, að setja ítarlegar reglur um gerð ársreikninga viðskiptabanka og sparisjóða.

Álitsnefnd leggur til að núverandi 58. gr. frumvarpsins breytist í heild og nýtt orðalag greinarinnar feli í sér tvær málsgreinar. 1. mgr. 58. gr. (fyrri málsgreinin) frumvarpsins verði svohljóðandi:

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu viðskiptabanka eða sparisjóðs. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og innihalda m.a. rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

Nauðsynlegt er jafnframt að lögin veiti leiðbeiningu að því er gerð árshlutareikninga viðskiptabanka og sparisjóða varðar. Álitsnefndin telur ákvæði 66. gr. ekki viðunandi í þessu sambandi, samanber umfjöllun um þá grein hér á eftir. Nefndin leggur til að 2. mgr. 58. gr. (síðari málsgreinin) verði sem hér segir:

Árshlutareikningar viðskiptabanka og sparisjóða skulu gerðir í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

4. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Hér á eftir verða gerðar athugasemdir við einstakar greinar **VII. og VIII. kafla** frumvarpsins. Ekki verða þó allsstaðar endurteknar þær athugasemdir nefndarinnar vegna hugtaksins **skoðunarmaður** eða **skoðunarmenn**, sem fram koma í 2. kafla þessa bréfs.

57. gr.

Engar athugasemdir.

58. gr.

Vísað er til þeirra athugasemda, ábendinga og tillagna, sem fram koma í 3. kafla þessa bréfs.

59. gr.

Engar athugasemdir.

60. gr.

Engar athugasemdir.

61. gr.

1. mgr.: Vísað er til þeirra athugasemda, ábendinga og tillagna, sem fram koma í 2. kafla þessa bréfs.

3. mgr.: Álitsnefnd FLE telur enga ástæðu til að veita sparisjóðum möguleika á undanþágu frá kosningu löggilts endurskoðanda. Ef sparisjóður hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að greiða kostnað við eftirlit með starfseminni, verður ekki séð að viðkomandi sparisjóður geti að öðru leyti gegnt hlutverki sínu sem örugg og áreiðanleg fjármálastofnun. *Álitsnefnd leggur því til að 3. mgr. 61. gr. frumvarpsins falli niður.*

4. mgr.: Álitsnefnd leggur til að 4. mgr. verði orðuð með sambærilegum hætti og gert er í 5. mgr. 81. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978, með síðari breytingum. Málsgreinin yrði þá svohljóðandi:

Kjósa skal endurskoðanda móðurfélags viðskiptabanka eða sparisjóðs sem endurskoðanda í dótturfélagi ef þess er nokkur kostur.

5. mgr.: Engar athugasemdir.

62. gr.

1. mgr.: Í lok 1. mgr. segir að endurskoðandi megi ekki starfa "að öðru en endurskoðun". Ekki er ljóst hvaða skilning semjendur frumvarpsins leggja í hugtakið **endurskoðun** í þessu tilviki. Ef það er hins vegar túlkað þröngt felur ákvæði málsgreinarinnar í sér bann við því, að endurskoðandi veiti viðskiptabanka eða sparisjóði ráðgjöf t.d. við skattskil og gerð reikningsskila. Álitsnefnd telur slíkt ákvæði óraunsætt og í raun óframkvæmanlegt við núverandi aðstæður og leggur því til að við málsgreinina bætist "**og tengdum verkefnum**", þannig að 1. mgr. 62. gr. orðist eftir það svohljóðandi:

Endurskoðendur viðskiptabanka og sparisjóða mega ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmenn stofnunarinnar eða starfa í þágu hennar að öðru en endurskoðun og tengdum verkefnum.

2. mgr.: Að því er varðar kröfur 1. og 2. mgr. um óhæði endurskoðenda þykir Álitsnefndinni rétt að benda á 83. gr. laga um hlutafélög, samanber einnig 11. gr. laga um löggilta endurskoðendur.

3. mgr.: M.a. í ljósi athugasemda og tillagna Álitsnefndar um að ekki verði um skoðunarmenn að ræða hjá bönkum og sparisjóðum, heldur endurskoðendur, *leggur nefndin til að þessi málsgrein 62. gr. frumvarpsins falli niður.*

63. gr.

1. mgr.: Óþarft er að tala um "að framkvæma endurskoðun" eins og gert er í 1. ml., þar sem sögnin **að endurskoða** getur staðið sjálfstætt.

Í 1. ml. málsgreinarinnar er jafnframt tekið fram að endurskoða skuli í samræmi við góða endurskoðunarvenju "og reglur bankaeftirlitsins þar að lútandi". Þessi aukasetning er óþörf og villandi, þar sem reglur bankaeftirlitsins á hverjum tíma hljóta að vera í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Álitsnefnd leggur því til að 1. ml. 1. mgr. 63. gr. verði sem hér segir:

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning viðskiptabanka eða sparisjóðs í samræmi við góða endurskoðunarvenju.

Jafnframt leggur nefndin til að 3. ml. 1. mgr. 63. gr. skuli orðast á eftirfarandi hátt:

Endurskoðandi skal ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskilavenju.

2. mgr.: Álitsnefnd FLE vill benda á þær endurtekningar sem felast í málslíðum þessarar málsgreinar, samanber 1. ml. og 3. ml. Nefndin leggur því til að 2. mgr. 63. gr. frumvarpsins verði sem hér segir:

Endurskoðandi skal árita ársreikninginn, greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar og láta í ljós álit. Í árituninni skal m.a. felast yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og gerður í samræmi við ákvæði laga, reglna, samþykktu og góða reikningsskilavenju.

3. mgr.: Engar athugasemdir.

4. mgr.: Engar athugasemdir.

5. mgr.: Í þessari málsgrein 63. gr. er fjallað um upplýsingaskyldu endurskoðanda gagnvart bankaeftirliti og Tryggingasjóði sparisjóða. Með vísun til umsagnar Álitsnefndar um frumvörp til laga um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði frá 20. október 1992, samanber umfjöllun í 1. kafla þessa bréfs, mælir nefndin eindregið gegn ákvæðum málsgreinarinnar. Lagt er til að 5. mgr. 63. gr. frumvarpsins verði í heild orðuð með svofelldum hætti:

Leiði endurskoðun reikningsskila viðskiptabanka eða sparisjóðs í ljós verulega ágalla á rekstri eða atriði sem veikja fjárhagsstöðu viðskiptabankans eða sparisjóðsins umtalsvert skal endurskoðandi gera bankaeftirlitinu viðvart, svo og Tryggingasjóði sparisjóða þegar um sparisjóð er að ræða, hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur hafi ekki rækt upplýsingaskyldu sína í þessu sambandi. Sambærileg skylda hvílir á bankaeftirlitinu gagnvart endurskoðanda viðskiptabanka eða sparisjóðs. Bankaeftirlitið getur leitað eftir staðfestingu endurskoðanda á veigamiklum

upplýsingum um rekstur og fjárhagsstöðu sem komið hafa frá stjórnendum viðskiptabanka eða sparisjóðs.

6. mgr.: Engar athugasemdir.

7. mgr.: Álitsnefnd mælir gegn því að bankaeftirlitinu verði falið að setja reglur um endurskoðun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Í málsgreininni er bankaeftirlitinu m.a. falið að setja reglur um stofnun innri endurskoðunardeilda í bönkum og sparisjóðum, ef það telur þörf á því. Álitsnefndin vill benda á, að með beitingu slíkrar heimildar væri bankaeftirlitið farið að hafa með beinum hætti áhrif á stjórnun og skipulag í bönkum og sparisjóðum. Í þessu sambandi er rétt að benda á ákvæði 41. gr. núgildandi laga um viðskiptabanka, nr. 86/1985. Álitsnefnd leggur til að 7. mgr. 63. gr. frumvarpsins verði sem hér segir:

Við viðskiptabanka og sparisjóði skal starfa endurskoðunardeild sem annast um innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 2. tl. 1. mgr. 39. gr. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi banka og sparisjóða og þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Ráðherra getur veitt sparisjóði undanþágu frá stofnun sérstakrar deildar til að annast innri endurskoðun.

Álitsnefnd bendir á, í framhaldi af ofangreindri tillögu, að nauðsynlegt er að fella orðið "þó" út úr 2. tl. 1. mgr. 39. gr.

Að því er endurskoðun banka og sparisjóða varðar vill Álitsnefnd benda á, að Félag löggiltra endurskoðenda stuðlar að mótun góðrar endurskoðunarvenju, m.a. annars með útgáfu leiðbeinandi reglna um endurskoðun. Félagið er jafnframt aðili að IFAC, Alþjóðasambandi endurskoðenda, en á vegum þeirra samtaka hafa verið gefnir út fjölmargir staðlar og leiðbeinandi reglur um endurskoðun, þ.á.m. um atriði er varða sérstaklega endurskoðun banka. Með tilliti til þessa, og jafnframt athugasemda nefndarinnar í 3. kafla þessa bréfs, leggur Álitsnefnd FLE til að við greinina bætist ný málsgrein, sem verði 8. mgr. 63. frumvarpsins og orðist sem hér segir:

Ráðherra getur sett almennar leiðbeinandi reglur um endurskoðun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Ráðherra getur einnig sett sambærilegar reglur um könnun árshlutareikninga viðskiptabanka og sparisjóða, sbr. 2. mgr. 58. gr.

Að því er varðar síðari málslið þessarar tillögu um 8. mgr. 63. gr. vill Álitsnefndin vekja athygli á því, að oft getur verið óeðlilegt að krefjast endurskoðunar á árshlutareikningum banka og sparisjóða, enda getur fullnægjandi endurskoðun árshlutareiknings oft á tíðum verið vandkvæðum bundin. Nefndin lætur af þessu tilefni fylgja með umsögninni sem fylgiskjöl a) tillögu Endurskoðunarnefndar FLE að *Leiðbeinandi reglum um*

könnun (review) á árshlutareikningum og b) ljósrit af *Review of Financial Statements* frá Alþjóðasambandi endurskoðenda (IFAC).

64. gr.

Álitsnefnd FLE mælir gegn ákvæði 1. mgr. 64. gr., þar sem í því felst m.a. skerðing á óhæði endurskoðenda. Löggiltir endurskoðendur verða að vera óháðir umbjóðendum sínum, svo og hvers konar hagsmunaaðilum öðrum eða eftirlitsstofnunum. Mikilvægast er þó að hafa í huga í þessu sambandi, að endurskoðendur eru kjörnir á aðalfundum eða fulltrúaráðsfundum viðkomandi stofnana, eða skipaðir af ráðherra, og það væri fullkomlega óeðlilegt og andstætt venjubundnum réttarreglum að veita stjórnvaldi eins og bankaeftirlitinu rétt til að hnekkja lögmatum ákvörðunum þessara aðila.

Á það skal bent hér, að í 2. mgr. þessarar greinar frumvarpsins hefur bankaeftirlitið heimild til að láta endurskoða reikningsskil viðskiptabanka eða sparisjóðs ef því sýnist svo, á kostnað hlutadeigandi stofnunar. Með þeirri heimild er bankaeftirlitinu veitt það vald, sem stofnunin þarf. Endurskoðandi gæti þó ekki fallist á þá leiðsögn bankaeftirlitsins um umfang slíkrar endurskoðunar, sem felst í niðurlagi 2. mgr. 64. gr. Álitsnefnd leggur því til að 64. gr. frumvarps um viðskiptabanka og sparisjóði orðist í heild sem hér segir:

Bankaeftirlitið getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá viðskiptabanka eða sparisjóði og ráðið til þess löggiltan endurskoðanda. Bankaeftirlitinu er heimilt að láta hlutadeigandi stofnun bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

65. gr.

Engar athugasemdir.

66. gr.

Álitsnefnd vill í sambandi við ákvæði þessarar greinar ítreka þau atriði er koma fram í umfjöllun nefndarinnar í 3. kafla þessa bréfs. Álitsnefndin vill leggja áherslu á þann skilning sinn, að í frumvarpsgreininni sé verið að fjalla um reglur bankaeftirlitsins um þær upplýsingar og skýrslur, sem stofnunin telur sig þurfa að fá. Ekki sé verið að fjalla um **reikningsskil**.

Álitsnefndin vill af þessu tilefni leggja til að 2. mgr. 66. gr. frumvarpsins orðist svohljóðandi:

Árshlutauppgjör, sem viðskiptabankar og sparisjóðir senda bankaeftirlitinu, skulu vera á samræmdu formi, sem það ákveður.

67. gr.

Með vísun til umfjöllunar og röksemda Álitsnefndar í 3. kafla þessa bréfs leggur nefndin til að 6. mgr. 67. gr. frumvarpsins falli niður, en þar er fjallað um reglur frá bankaeftirliti um gerð samstæðureikningsskila.

Á það skal jafnframt bent að í 9., 10. og 11. mgr. þessarar greinar er vísað til 6., 7. og 8. mgr., en þar mun vera átt við 7., 8. og 9. mgr. greinarinnar.

68. gr.

1. mgr.: Með vísun til umfjöllunar og tillögu Álitsnefndar að því er 5. mgr. 63. gr. varðar gerir nefndin eftirfarandi tillögu um orðalag 1. mgr. 68. gr.:

Hafi bankaráð eða sparisjóðsstjórn, bankastjórar eða sparisjóðsstjórar hlutaðeigandi stofnunar ástæðu til að ætla að eigið fé stofnunarinnar sé undir því lágmarki sem ákveðið er í 55. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaeftirlitinu. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi stofnunar, hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur stofnunarinnar hafi ekki rækt skyldu sína samkvæmt 1. ml. þessarar mgr.

2. mgr.: Í þessari málsgrein er bankaeftirlitinu veitt heimild til að krefja "skoðunarmenn" stofnunar um reikningsuppgjör, sem þeim ber að afhenda innan þriggja vikna frá því þeim berst krafan. Í þessu sambandi skal bent á, og á það lögð rík áhersla, að reikningsskil eru ávallt gerð af stofnununum sjálfum og eru á ábyrgð stjórnenda þeirra, samanber 57. gr. frumvarpsins. Breytir engu í þessu sambandi þó endurskoðendur veiti stofnununum umtalsverða ráðgjöf og aðstoð við gerð og framsetningu reikningsskila. Þess vegna er fullkomlega órökrétt að krefja endurskoðendur um reikningsskil viðskiptabanka eða sparisjóðs, eins og gert er í þessari málsgrein 68. gr. Þeirri kröfu á að beina til stjórnenda. Álitsnefnd FLE leggur því til að 2. mgr. 68. gr. frumvarpsins orðist með svofelldum hætti:

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóðs sé undir lágmarki 55. gr. skal það krefja stjórn stofnunarinnar þegar í stað um reikningsskil, sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests.

3. mgr.: Með tilliti til athugasemdar og tillögu Álitsnefndar varðandi 2. mgr. 68. gr. hér á undan er lagt til að orðið "skoðunarmaður" falli niður í síðasta málslið þessarar málsgreinar.

4. mgr.: Engar athugasemdir.

69. gr.

Með vísun til umfjöllunar, röksemda og tillögu Álitsnefndar varðandi 2. mgr. 68. gr. er nauðsynlegt að breyta orðanna hljóðan í 3. mgr. 69. gr. Nefndin leggur til að málsgreinin orðist sem hér segir:

Í þeim tilvikum, sem getið er í 2. eða 3. tölul. 2. mgr., skal bankaeftirlitið samkvæmt beiðni ráðherra afla reikningsskila frá hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á sama hátt og skv. 2. mgr. 68. gr. og afhenda það honum ásamt álitsgerð sinni um hvort eignir viðskiptabankans eða sparisjóðsins hrökkvi fyrir skuldum.

70. gr.

Engar athugasemdir.

71. gr.

Engar athugasemdir.

72. gr.

Engar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda,

Guðrún Þ. Jóhannsdóttir

Amiðmann

Guðmar Sigurðsson

Ólafur Þinnar

Þórunn Harðardóttir

Félag löggiltra endurskoðenda

TILLAGA

**að leiðbeinandi reglum um
könnun (review) á árshlutareikningum**

Nóvember 1992

Leiðbeinandi reglur um könnun á árshlutareikningum

1. Skilgreining:

- 1.1 Könnun á árshlutareikningum á við hjá fyrirtækjum sem jafnframt eru endurskoðuð.
- 1.2 Með könnun er átt við störf endurskoðanda í formi fyrirspurna og greiningaraðgerða í þeim tilgangi að gera honum kleift að gefa yfirlýsingu um árshlutareikning í áritun sinni.
- 1.3 Árshlutareikningur í þessum reglum eru reikningsskil sem gerð eru í samræmi við góða reikningsskilavenju og eiga að gefa glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á tilteknu tímabili og efnahag þess í lok tímabilsins.
- 1.4 Reglum þessum er ætlað að leiðbeina endurskoðendum við framkvæmd könnunar og áritun á árshlutareikninga.
- 1.5 Könnun ætti að fara fram samkvæmt skriflegum samningi þar sem tekið er fram í hverju könnunin er fólgin, hvert umfang hennar og markmið er, og hvað felst í áritun endurskoðandans.

2. Ábyrgð stjórnenda:

Stjórnendur bera ábyrgð á því að reikningsskilin séu gerð í samræmi við lög, samþykktir og góða reikningsskilavenju og að bókhaldið, sem þau eru byggð á, sé fullnægjandi.

Árshlutareikningar eru staðfestir af stjórnendum fyrirtækis eins og ársreikningar.

3. Markmið og umfang könnunar:

- 3.1 Markmiðið með könnun endurskoðandans er að auka trúverðugleika reikningsskilanna. Könnun árshlutareiknings felur ekki í sér jafn umfangsmiklar aðgerðir og endurskoðun ársreiknings. Í því felst að endurskoðandi getur í áritun sinni aðeins gefið yfirlýsingu um að könnun hans hafi ekkert leitt í ljós sem bendi til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og efnahag fyrirtækisins.
- 3.2 Könnun á árshlutareikningum byggist á mati á mikilvægi og áhættu með sama hætti og þegar um endurskoðun er að ræða. Þótt endurskoðandi leitist við að leiða í ljós verulegar villur og veikleika, felur könnun í sér minna öryggi á því að slíkt takist þar sem vinna hans er ekki eins umfangsmikil og við endurskoðun.

4. Skipulagning og framkvæmd könnunar:

4.1 Endurskoðandinn skal með greiningaraðgerðum meta innra samræmi reikningsskilanna og hvort afkoma og breytingar á eignum, skuldum og hag fyrirtækisins séu eðlilegar og í samræmi við þá þekkingu sem hann hefur á starfsemi fyrirtækisins.

4.2 Gert er ráð fyrir að endurskoðandinn þekki starfsemi fyrirtækisins og rekstrarumhverfi þar sem hann hefur áður endurskoðað ársreikning þess.

4.3 Könnun felur í sér:

- Greiningaraðgerðir og fyrirspurnir sem gerðar eru í því skyni að staðfesta niðurstöður reikningsskilanna
- Enn frekari athuganir að því marki sem ofangreindar aðgerðir reynast ekki fullnægjandi

4.4 Könnunaraðgerðir geta m.a. verið:

- **Greiningaraðgerðir** sem fela í sér:

- * samanburð við ársreikninga og árshlutareikninga fyrri ára
- * samanburð við áætlanir
- * athugun á helstu kennitölum með tilliti til þeirrar þróunar sem gert hafði verið ráð fyrir

- **Fyrirspurnir** um:

- * breytingar á reikningsskilavenjum og matsreglum
- * breytingar á skráningaraðferðum, bókunarreglum og flokkun einstakra liða í reikningsskllum
- * öll mikilvæg atriði sem koma fram í reikningsskilunum
- * stjórnarsamþykktir eða aðrar þær ákvarðanir sem teknar hafa verið og geta haft þýðingu varðandi reikningsskilin

- **Mat á því:**

- * hvort framsetning reikningsskilanna sé í samræmi við það sem viðgengist hefur hjá fyrirtækinu

- **Viðtöl** við þá aðila í fyrirtækinu sem eru ábyrgir fyrir því:

- * að öll viðskipti hafi verið bókfærð
- * að reikningsskilin séu gerð í samræmi við góða reikningsskilvenju
- * að breytingar á reikningsskilaaðferðum og starfsemi fyrirtækisins komi fram og séu rétt meðhöndlaðar í reikningsskilunum
- * að eðlilegum aðferðum hafi verið beitt við lotun og afstemmingar.

4.5 Umfang og eðli þeirra aðgerða sem endurskoðandi telur þörf á að beita í hverju einstöku tilviki byggist á faglegu mati og þekkingu hans á:

- reikningsskilum fyrirtækisins sem hann hefur áður kannað eða endurskoðað
- starfsemi fyrirtækisins og rekstrarumhverfi
- reikningsskilaaðferðum og -venjum
- bókhaldskerfi fyrirtækisins
- viðhorfi stjórnenda fyrirtækisins til atriða er varða reikningsskilin
- mikilvægum samningum og öðrum þeim atriðum sem verulegu máli skipta varðandi reikningsskilin.

4.6 Endurskoðandi skal með fyrirspurnum afla vitneskju um það hvort átt hafi sér stað atburðir eftir lok uppgjörstímabilsins sem gætu haft verulega þýðingu fyrir reikningsskilin.

Endurskoðandi skal óska eftir yfirlýsingu frá stjórnendum fyrirtækis um þau atriði sem ekki hefur tekist að fá staðfestingu á með öðrum hætti.

4.7 Reynist framangreindar aðgerðir ekki gefa nægjanlega til kynna að reikningsskilin séu áreiðanleg grúpur endurskoðandi til frekari athugana í því skyni að fá nægilega vissu um að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og efnahag fyrirtækisins.

Könnun á reikningsskilum felur venjulega ekki í sér athuganir á verktilhögun innan fyrirtækis, innra eftirliti þess, meðferð og skráningu einstakra færslna eða öfiun staðfestinga frá utanaðkomandi aðilum.

4.8 Komist endurskoðandi að því að reikningsskilum sé áfátt í verulegum atriðum skal hann framkvæma frekari athuganir til þess að geta tekið ákvörðun um fyrirvaralausla yfirlýsingu í áritun sinni eða hvort sérstakur fyrirvari sé nauðsynlegur.

4.9 Vinnuskjöl endurskoðandans skulu innihalda lýsingu á því í hverju vinna hans var fólgin ásamt niðurstöðum.

5. Áritun endurskoðanda:

5.1 Að lokinni könnun sinni skal endurskoðandi gefa yfirlýsingu um reikningsskilin með áritun á þau. Yfirlýsingin skal vera ótvífræð, skýr og skiljanleg.

5.2 Framsetning og innihald yfirlýsingar getur verið breytilegt, en eftirfarandi liðir skulu koma fram:

1. Heiti þess aðila sem reikningsskilin ná til og að vinna endurskoðandans hafi falist í könnun á þeim.

Þennan lið má orða þannig:

Við höfum kannað árshlutareikning NN h/f fyrir tímabilið xx - xx 19xx.

2. Gera skal grein fyrir umfangi og framkvæmd könnunar.

Þetta má gera með almennu orðalagi þar sem fram kemur að könnun á reikningsskilunum gefi ekki eins áreiðanlegar niðurstöður og endurskoðun:

Þessi liður gæti orðast þannig:

Könnunin fólst í skoðun helstu gagna sem árshlutareikningurinn byggist á, fyrirspurnum og greiningu á helstu liðum reikningsskilanna. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilunum. Þar af leiðandi látum við slíkt álit ekki í ljós.

3. Niðurstöður endurskoðandans.

Í niðurstöðum skal taka fram að hve miklu leyti könnunin hefur leitt í ljós tilvik sem gætu bent til þess að reikningsskilin gefi ekki glögga mynd af afkomu og efnahag fyrirtækisins.

Þennan lið mætti orða svo:

Könnun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og efnahag fyrirtækisins.

4. Dagsetning, nafn endurskoðandans og undirritun.

5.3 Hafi endurskoðandi komist að raun um umtalsverðar skekkjur, vöntun mikilvægra upplýsinga, verulega óvissu eða að augljóst þyki að rekstrarhæfi fyrirtækisins sé brostið, skal hann setja fram fyrirvara og gera grein fyrir því í hverju hann er fólgin.

5.4 Fyrirvara skal setja fram á ótvíræðan, skýran og skiljanlegan hátt. Jafnframt skal gera grein fyrir því hvaða áhrif fyrirvarinn hefur á afkomu og efnahag fyrirtækisins.

Fyrirvarinn skal koma á undan 3ja-lið áritunarinnar og skal endurskoðandinn breyta niðurstöðum sínum til samræmis.

5.5 Ef um er að ræða einhver óvenjuleg atriði sem hafa áhrif á reikningsskilin skal skýra sérstaklega frá þeim svo fremi að þeirra sé ekki getið í reikningsskilunum. Slíkar viðbótarupplýsingar hafa ekki áhrif á niðurstöðu endurskoðandans og skal gera grein fyrir þeim í sérstökum kafla á eftir 3ja-lið í árituninni.

5.6 Séu reikningsskil einhverjum annmörkum háð m.t.t. laga og reglna um bókhald og reikningsskil getur endurskoðandi ekki gefið yfirlýsingu um afkomu eða efnahag fyrirtækisins.

The auditor should possess an understanding of such matters relevant to the subject of his engagement, for example, a knowledge of the client's production and distribution methods, product lines, operating locations and related parties. The auditor requires this understanding to enable him to make relevant inquiries and to design appropriate procedures, as well as to assess the responses and other information obtained.

Reporting Guidelines

21. The report on a review engagement should describe the scope of the engagement to enable the reader to understand the nature of the work performed. It should be clear in the report that an audit was not performed and, therefore, that an audit opinion is not expressed. For this reason, the style of reporting known as negative assurance is appropriate for review engagements. A report in terms of negative assurance is clearly distinguishable from an audit opinion, which is expressed in positive terms, and conveys a level of assurance below that of an audit opinion. It informs the reader that, as a result of carrying out limited procedures in accordance with the guidance for such an engagement set out in this Guideline, nothing came to the auditor's attention that causes him to believe that the information does not give a true and fair view (or 'is not presented fairly') in accordance with the basis of accounting indicated.
22. Reports on review engagements should normally contain the following:
 - title;
 - addressee (normally the client who engaged the auditor to perform the assignment);
 - identification of the financial information on which the review has been performed;
 - an appropriate description of the work undertaken such as a reference to guidelines for the engagement and a statement that a review is limited primarily to inquiries and analytical review procedures;
 - a statement that an audit has not been performed, that the procedures undertaken provide less assurance than an audit and that an audit opinion is not expressed;

- a statement of negative assurance;
- signature;
- auditor's address; and
- date of the report.

23. The statement of negative assurance identified in paragraph 22 expressed by the auditor should either:
 - state that nothing has come to his attention as a result of his review that causes him to believe that the information does not give a true and fair view (or 'is not presented fairly') in accordance with the basis of accounting indicated; or
 - if such matters have come to his attention, describe the matters that were not presented fairly in accordance with the basis of accounting indicated, including the monetary effect of the matters or, if this is not readily determinable, a statement to that effect and either:
 - express a qualification of the moderate assurance provided, or
 - give an adverse statement that the information does not give a true and fair view (or 'is not presented fairly') in accordance with the basis of accounting indicated.
24. If there has been a limitation in the scope of the auditor's engagement that he concludes prevents him from providing moderate assurance, his report should describe the limitation and indicate that it is qualified as to the possible adjustments to the financial statements that might have been determined to be necessary had the limitation not existed. There may be circumstances when the possible effect of the limitation is so significant that the auditor will conclude that no level of assurance can be provided and he should not provide any assurance.



International
Auditing
Guideline/
Related
Services

RS 2

July 1988

Review of Financial Statements

ISSUED BY THE
INTERNATIONAL AUDITING PRACTICES COMMITTEE
OF THE
INTERNATIONAL FEDERATION OF ACCOUNTANTS

Introduction

1. The Framework of International Guidelines on Auditing and Related Services (Framework) distinguishes between audits and related services. A review engagement is a related services engagement generally utilizing substantive procedures. In such an engagement, there is no requirement to evaluate the system of internal control. As stated in the Framework (paragraphs 10 and 11):

"The objective of a review is to enable the auditor to state whether, on the basis of procedures which do not provide all the evidence he would require in an audit, anything has come to his attention that causes him to believe that the information does not give a true and fair view (or 'is not presented fairly') in accordance with the basis of accounting indicated"

"Although the auditor attempts to become aware of all significant matters, the limited procedures of a review make the achievement of this objective less likely than in an audit engagement, thus the level of assurance provided is correspondingly less than that given in an audit."

This Guideline, therefore, should be read in conjunction with the Framework.

